

Þriðjudagurinn 10. mars 1998 kl. 15:30

107. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 6/1998

**Erindi um meinta skipulagða þögn íslenskra dagblaða
um mistök eða misferli opinberra aðila**

I.

Erindið

Samkeppnisyfirvöldum barst erindi, dags. 11. desember 1997, þar sem kvartað er yfir meintri ólögmætri þögn þriggja íslenskra dagblaða, þ.e. Dags, DV og Morgunblaðsins. Hin meinta ólögmæta þögn dagblaðanna þriggja varðar samkvæmt erindinu mikilvæga þætti þjóðlífsins, þ.e. meint mistök eða meint misferli opinberra aðila við framkvæmd opinberrar stjórnsýslu og við réttarframkvæmd. Í erindinu eru þær kröfur gerðar „að ráðið staðfesti, að ofangreindir þrír fjölmiðlar hafi tekið þátt í skipulagðri þögn um meint möguleg mistök eða misferli opinberra aðila, sem fara með allsherjarvaldið hér á landi. Samkeppnisráð upplýsi opinberlega um hina skipulögðu þögn og geri þær ráðstafanir sem samkeppnislög nr. 8/1993 kveða á um þegar um ólögmæta viðskiptahætti er að ræða.“

Í erindinu segir m.a.: „Meinta þögnin, sem kærð er, virðist taka til margra þátta hins opinbera og hún samrýmist ekki viðurkenndum viðhorfum um fjölmiðlun og sér í lagi ekki dagblaðafjölmiðlun í nútímalýðræðisríki. Slik meint möguleg þögn, verði hún ekki afsönnuð, felur í sér skaðlega fákeppni og samkeppnishömlur, einnig óréttmæta viðskiptahætti og torveldar aðgang nýrra keppinauta að dagblaðamarkaðnum, sem í þessu tilviki á að vera einn meginvettvangur almenns tjáningarfrelsis og skoðanaskipta í landinu.

Fjölmiðlarnir þrír, sem kærðir eru, Dagur, DV og Morgunblaðið eru einu dagblaðafjölmiðlar lýðveldisins. Ekki verður annað séð af yfirlitsblöðum Hlutafélagaskrárinnar og fleiri opinberum gögnum en tveir þessara þriggja fjölmiðla, þ.e. Dagur og DV, lúti að minnsta kosti að einhverju leyti sömu stjórn því þess eru dæmi að sömu menn sitji í stjórn beggja félaganna, sem

reka þessa fjölmiðla. Þá virðast einnig augljós tengsl þessara tveggja fjölmiðla við annað fjölmiðlunarfélag, þ.e. Íslenska útvarpsfélagið hf., sem rekur m.a. Stöð 2, Bylgjuna og Sýn.

Jafnvel í litlu samfélagi sem hinu íslenska hljóta það að teljast mikil tengsl milli aðila þegar Eyjólfur Sveinsson, stjórnarmaður og útgáfustjóri Dagsprents hf., sem gefur Dag út, er jafnframt stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Frjálsrar fjölmiðlunar ehf., sem gefur DV út. Jafnframt virðast mikil tengsl við valdamenn í þjóðfélaginu þar sem sami maður, þ.e. Eyjólfur Sveinsson, hefur um sinn verið aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar, sem hefur verið forsætisráðherra lýðveldisins, síðan fyrri hluta árs 1991. Þessar aðstæður einar sér eru til þess fallnar að draga úr trausti almennings á sjálfstæði og óhlutdrægni einstakra dagblaðafjölmiðla, sem er nauðsynleg forsenda frjálsrar upplýsingar og skoðanaskipta í samfélaginu.“

Þá er í erindinu vísað til siðareglna Bláamannafélags Íslands, þar sem segir: „Í starfi sínu hafa blaðamenn allra fjölmiðla jafnan í huga grundvallarreglur mannlegra samskipta og rétt almennings til upplýsinga, tjáningarfrelsis og gagnrýni.“ Því er haldið fram að meint þögn umræddra dagblaða brjóti gegn þessari meginreglu. Auk þess séu einkennisörð dagblaðanna villandi, þar sem þau gefi til kynna að í viðkomandi dagblaði skuli upplýsa almenning ítarlega og undanbragðalaust, en svo sé ekki í reynd.

Kvartandi nefnir í erindi sínu mörg dæmi um meinta sameiginlega þögn dagblaðafjölmiðlanna þriggja um mál sem tengjast opinberum aðilum og hann telur staðfesta að skipulega hafi verið þagað um mistök eða misferli opinberra aðila við rekstur opinberra mála. Nefnir hann þar til dæmis skort á umfjöllun um skipulagðar íbúðabyggðir á snjóflóðasvæðum, stöðugleika fiskiskipa, ýmis atriði varðandi svokölluð Guðmundar- og Geirfinnsmál, stjórn fiskveiða, réttaröryggi íslenskra barna í tengslum við mál Soffiu Hansen, máttleysi dómstóla gagnvart framkvæmdavaldinu, mismunun og leynd í réttarkerfinu, um mál Franklins Steiner, leynd tengd álverinu á Grundartanga og um leynd Pósts og síma vegna breytinga á símgjöldum.

Um lagarök segir í erindinu: „Eins og áður er fram komið virðist mér þögn dagblaðafjölmiðlanna vera þáttur í skipulagi, sem ég tel að opinberir valdhafar, dagblöðin og aðrir fjölmiðlar eigi nokkurn hlut að, einkum til að hindra að almenningur fái greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti valdhafa. Sé svo virðist mér vera um að ræða óréttmæta viðskiptahætti,

skaðlega fákeppni og óhæfilegar hindranir til þess fallnar að torvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Sé með því brotið gegn ákvæðum 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og jafnframt gegn ákvæðum 20., 21. og 22. gr. sömu laga. Einnig er vísað til ákvæða 1., 2., 3., 4. og 6. tl. 1. gr. reglna nr. 672/1994. Þá sé einnig með hinni meintu skipulögðu þögn dagblaðaffjölmiðlanna brotið gegn grundvallarreglum og viðmiðum íslenskra laga um viðskipti og þjóðlíf svo og gegn alþjóðlegum reglum og sáttmálum, sem Ísland hefur staðfest.“

II.

Niðurstöður

Í máli þessu er kvartað yfir meintri skipulagðri þögn þriggja dagblaða um ýmis málefni er varða m.a. framkvæmd opinberrar stjórnslu, þ.e. að viss mál er varði meint misferli opinberra aðila, og skipti almenning miklu máli, fái ekki réttmæta, óhlutdræga eða nægilega ítarlega umfjöllun í viðkomandi fjölmiðlum. Þetta telur kvartandinn að feli í sér „*skaðlega fákeppni og samkeppnishömlur, einnig óréttmæta viðskiptahætti og torveldi aðgang nýrra keppinauta að dagblaðamarkaðinum*“.

Samkvæmt 1. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er markmið laganna að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Eru samkeppnisyfirvöldum faldar ýmsar heimildir til þess að bregðast við skaðlegum samkeppnishömlum í því skyni að vinna að markmiði laganna um hagkvæma nýtingu framleiðsluþátanna og efnahagslegar framfarir. Umfjöllun fjölmiðla um tiltekin málefni, mat þeirra á fréttum eða val fjölmiðla á því með hvaða hætti er fjallað um tiltekin mál, varðar hins vegar ekki virka samkeppni í viðskiptum að mati samkeppnisráðs. Samkeppnisráð telur því að framangreint erindi heyri ekki undir samkeppnislög.

III.

Ákvörðunarorð:

„Máli þessu er vísað frá samkeppnisráði.“

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli
[nr. 8/1998](#)]*